

Lengjubær v/ Bóklhöðstíg. Eigendur: db. Sigríðar og Þórunnar Jónsdætra.  
 Hafnargata 2. Eigandi: Sigurður Jónasson.  
 Hafnargata 4 (Hótelldóð). Eigandi: Sigurður Skúlason.  
 Silfurgata 12. Eigandi: Garðar Jónsson.  
 Silfurgata 14. Eigandi: Eiríkur Helgason.  
 Útihús við Silfurgötu. Eigandi: Hannes Jónsson.  
 Útihús við Silfurgötu. Eigandi: Þóra Kristjánsdóttir.  
 Akrar við Silfurgötu. Eigandi: Jóhanna Jóhannsdóttir.  
 Netaverkstæði v/ Laufásveg. Eigandi: Sigurður Ágústsson.  
 Refhús við Laufásveg. Eigandi: Sigurður Ágústsson.  
 Austurgata 3. Eigandi: Kristján Rögnvaldsson.  
 Austurgata 5. Eigandi: Jóhanna Lárentziusdóttir.  
 Austurgata 9. Eigandi: Valtýr Guðmundsson.  
 Sjávarhús v/ Bátabryggju. Eigandi: Kaupfélag Stykkishólms.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshepps hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá og með dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 155.

30. júní 1965.

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkarkauptún, nr. 154  
 2. nóvember 1961.

1. gr.

VIII. kafli orðist þannig:

### Um lestagjöld og bryggjugjöld.

Öll skip og bátar, sem koma til Ólafsvíkur og hafa samband við land, eða leggjast við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að bát eða skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skulu greiða lestagjald og bryggjugjald eftir stærð, talið í tonnum brúttó, sem hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign aðilja í Ólafsvík, eða skrásett þar, eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutnings, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Ólafsvík a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald og bryggjugjald einu sinni á ári:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald krónur 200.00 á ári. Þilfarsbátar greiði krónur 20.00 pr. brúttórúmllest, lágmarksgjald krónur 500.00 á ári. Gjaldnaga er 1. júlí ár hvert.

- b. Innland fiskiskip og strandferðaskip í innanlandssiglingum greiða krónur 2.00 pr. brúttórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Lágmarksgjald krónur 150.00 hvert sinn. Heimilt er þó að veita undanþágu á gjaldi þessu, ef sami bátur kemur oftar en þrisvar í mánuði til hafnar.

- c. Öll önnur skip greiði lesta- og bryggjugjald krónur 1.50 á hverja brúttórúmllest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar. Fyrir póstflutning greiðist krónur 100.00 í hvert sinn. Gjöld þessi miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Undanþegin hafnar- og bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau fermi eða affermi einhverjar vörur, sama gildir og um skip, sem leita hafnar til að setja á land sjúka eða látna menn.

## 2. gr.

Kaflar nr. IX og X falla niður og breytist röð eftirfarandi kafla og greina í samræmi við það.

## 3. gr.

33. gr. (nú 31. gr.) orðist þannig:

**Vörugjaldskrá.***Aðfluttar vörur.*

1. flokkur. Gjald krónur 3.00 pr. 100 kg:  
Salt, kol, koks, sement, tilbúinn áburður, fóðurvörur í sekkjum, garð-  
ávextir.
2. flokkur. Gjald krónur 4.50 pr. 100 kg:  
Gasolía, svartolía, benzín, ljósaolía í tunnum, smurolía í tunnum, bygg-  
ingarefni svo sem vikursteinn og plötur, þilplötur, steypujárn, þak-  
járn og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar, kornvara í sekkj-  
um, sykur og aðrar matvörur í sekkjum, ótaldar annars staðar.
3. flokkur. Gjald krónur 7.00 pr. 100 kg:  
Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvarefni, saumur, gólfdukur,  
málningarvörur og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af  
eftir þyngd og sem ekki falla undir aðra flokka.
4. flokkur. Gjald krónur 2.00 pr. 10 kg:  
Vefnaðarvara, fatnaður, öl, gosdrykkir, rafmagnsvörur og tæki, gler-  
vörur ótaldar annars staðar, lyfjavörur, mælitæki, sportvörur, sælgætis-  
vörur, byssur, skotfæri, leikföng, áfengi, tóbak, snyrtivörur, krydd-  
vörur.
5. flokkur. Gjald krónur 2.00 pr. stykki.  
Tómar tunnur.
6. flokkur. Gjald krónur 1.00 pr. teningsfest:  
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli, húsgögn, hljóðfæri og aðrar  
vörur, ótaldar annars staðar, sem þannig reiknast.
7. flokkur. Gjald:  

Kindur og loðdýr .....	kr.	5.00	pr.	stk.
Stórgripir .....	—	20.00	—	—
Dráttarvélar, jeppar og aðrir smábílar .....	—	200.00	—	—
Vörubílar og vinnuvélar .....	—	500.00	—	—
Bátar opnir .....	—	250.00	—	—

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera krónur 5.00.

*Útfluttar vörur.*

8. flokkur. Gjald krónur 3.50 pr. 100 kg:  
Alls konar sjávarafurðir, nema salt og skreið.
9. flokkur. Gjald krónur 4.50 pr. 100 kg:  
Landbúnaðarvörur til útflutnings.

10. flokkur. Gjald krónur 1.00 kr. teningsfet:  
Brotfluttar vörur, er reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald krónur 4.00 pr. tunnu.  
Saltsild í tunnum, hrogn og aðrar útfluttar afurðir í tunnum.
12. flokkur. Gjald krónur 7.00 pr. 100 kg:  
Útflutt skreið.

*Aflagjöld:*

13. flokkur. Gjald krónur 2.50 pr. 100 kg:  
Sjávarafli, lagður á land, slægður og óslægður, þar með talin sild í bræðslu, salt og frystingu.

Fiskkaupandi eða verkandi afla er ábyrgur fyrir hafnargjaldinu.

## 4. gr.

36. gr. (nú 34. gr.) orðist þannig:

Ef menn fá útmældar lóðir til bráðabirgðanotkunar af lóðum þeim, sem höfnin hefur umráð yfir, greiðir sá, sem afnot slíkrar lóðar fær, krónur 3.00 fyrir hvern fermeter á ári. Ársleiga fyrir bílavog er krónur 1000.00, og fyrir benzin, oliutanka og dælur kr. 1000.00 á ári fyrir hvern. Gjald dagi er 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu  
nr. 208 30. nóvember 1960.

12. gr. orðist svo:

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki, svo sem sláturhús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem vatn fá frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3‰ af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónum, en af þeim húsum, sem metin eru hærra, sé skatturinn 2‰.

Auk þess skal greiða fastagjald, 400.00 krónur, fyrir öll hús, sem fá vatn frá veitunni. Þó skal gjald fyrir gripahús, eigi vera hærra en 200.00 krónur.

Bílskúrar og önnur þau smáhús innan lóðarmarka, sem vatn er lagt í til venju-legra heimilisnota, eru undanþegin vatnsskatti.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 500.00 fyrir venjuleg íbúðarhús. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, skal vatnsskattur fyrir hverja eigi vera lægri en kr. 500.00.